

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 20. janúar 2020 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-64/2019.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 28. ágúst 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á ljósmyndaprentara af fyrirtækinu Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur að prentarinn hafi verið haldinn galla og krefst bóta.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 29. ágúst 2019, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér þá heimild og bærust andsvörin til nefndarinnar þann 3. september 2019. Andsvör seljanda voru send til álitsbeiðanda sama dag og honum veittur kostur á að koma að frekari athugasemdum vegna andvaranna. Álitsbeiðandi nýtti sér ekki þá heimild og nefndinni bærust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 16. janúar 2019, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og meðfylgjandi gögnum kemur fram að álitsbeiðandi festi kaup á prentara af gerðinni Instax Share Printer SP-1 af seljanda þann 21. desember 2015 fyrir 29.900 krónur. Umræddur prentari er lítill að stærð og virkar þannig að hægt er að tengja hann við farsíma og prenta út myndir á ljósmyndapappír. Að sögn álitsbeiðanda hefur prentarinn verið ónothæfur eða úreltur síðan árið 2016. Kveðst álitsbeiðandi aðeins hafa notað prentarann um jólin 2015. Seljandi er hættur að selja prentarann og telur álitsbeiðandi að seljanda hafi verið ljóst að prentarinn „virki ekki lengur“. Álitsbeiðandi segir skýringu seljanda á biluninni vera vegna „firmware“ í prentaranum sem ekki sé unnt að lagfæra. Hafa svör seljanda að sögn álitsbeiðanda gefið til kynna að prentarinn sé úreltur. Seljandi hefur ekki boðist til að gera við prentarann en hefur boðist til að lækka kaupverð á nýjum ljósmyndaprentara um 1.000 krónur. Álitsbeiðandi telur að ábyrgð á slíkum prentara ætti að vera lengri en aðeins tvö ár líkt og seljandi hefur borið fyrir sig. Álitsbeiðandi telur óeðlilegt að endurnýja þurfi kaup á slíkum tækjum á árs fresti þar sem tækin verði úrelt. Krefst álitsbeiðandi skaðabóta frá seljanda.

### **IV**

#### **Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda tekur hann fram að þessi tegund af snjallsímaprentara hafi fyrst komið á markað vorið 2014 og samskonar prentarar séu enn í notkun. Seljandi kveðst eiga filmur og rafhlöður fyrir slíka prentara, en flestir hafi hins vegar kosið að uppfæra tækin og kaupa nýrri tegundir prentarans, þ.e. SP-2 og SP-3 sem hafa marga kosti umfram upprunalegu gerðina. Prentarar af gerðinni SP-1 eru því margir hverjir enn nothæfir og virka eðlilega en eru hættir í framleiðslu og seljandi hefur ekki haft slíka prentara í sölu í langan tíma.

Seljandi bendir á að prentari álitsbeiðanda sé bilaður en bilunin lýsir sér þannig að prentarinn nær ekki að tengjast nálægum farsíma. Að sögn seljanda er algengasta ástæða

slíkrar bilunar að uppfæra þurfi skýrikerfi en einnig er líklegt að bilunin stafi af því að prentarinn nái ekki að tengjast þráðlausu interneti. Að sögn seljanda er prentari álitsbeiðanda, af gerðinni SP-1, úreltur á markaði vegna tækniþróunar en það felur að hans mati ekki í sér að prentarinn sé gallaður. Seljandi bendir á að slík tæki ættu ekki að eiga undir regluna um fimm ára tilkynningarfrést vegna galla.

Álitsbeiðandi hafði fyrst samband við seljanda í lok ágúst árið 2019, 44 mánuðum eftir kaupin og tókst seljanda ekki að finna lausn á biluninni. Seljandi hafnar kröfu álitsbeiðanda.

## V

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir keypti álitsbeiðandi ljósmyndaprentara, sem tengist við snjallsíma, af gerðinni Instax Share Printer SP-1, af seljanda þann 21. desember 2015 fyrir 29.900 krónur. Að sögn álitsbeiðanda var aðeins unnt að nota prentarann í um það bil eitt ár en af gögnum málsins verður ráðið að álitsbeiðandi hafi ekki tilkynnt seljanda um bilun í prentaranum fyrr en í ágúst árið 2019, um þremur árum og átta mánuðum eftir kaupin. Álitsbeiðandi telur að prentarinn sé haldinn galla og ætti að endast í mörg ár en seljandi hefur hafnað kröfu álitsbeiðanda með vísan til þess að slík tæki geti fljótt orðið úreld vegna tækniþróunar.

Í 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) er mælt fyrir um tilkynningarfrésti vegna galla, en þar segir:

*„Ef söluhlutur er gallaður ber neytanda að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var. Fréstur neytanda til að leggja fram kvörtun er aldrei styttri en tveir mánuðir frá því að hann varð galla var.“*

*Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er fréstur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka.“*

Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. nkpl. er neytanda skylt að tilkynna seljanda um galla innan hæfilegs tíma frá því hann varð eða mátti verða var við galla, en frésturinn getur þó ekki verið styttri en tveir mánuðir. Í 2. mgr. er mælt fyrir um hámarksfrésti neytanda til að bera fyrir sig galla á söluhlut. Frésturinn er almennt tvö ár nema í þeim tilvikum sem söluhlutum er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti. Getur frésturinn verið að hámarki fimm ár frá afhendingu.

Í gögnum málsins kemur fram að álitsbeiðandi hafi orðið var við það árið 2016 að prentarinn virkaði ekki sem skyldi. Hins vegar hafði álitsbeiðandi ekki samband við seljanda og tilkynnti honum um bilunina fyrr en í ágúst árið 2019 samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir hjá nefndinni. Álítur kærunefndin að álitsbeiðandi hafi ekki tilkynnt seljanda um galla í prentaranum án ástæðulauss dráttar í samræmi við 1. mgr. 27. gr. nkpl. Er krafa álitsbeiðanda að mati nefndarinnar of seint fram komin og getur álitsbeiðandi þar af leiðandi ekki borið fyrir sig galla vegna bilunar í prentaranum árið 2016.

Er nefndinni ekki annað fært en að hafna kröfu álitsbeiðanda.

**VI**  
**Álitsorð**

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson